

## Fundargerð stjórnar Bandalags íslenskra skáta

Fundarstjóri: Marta Magnúsdóttir	Fundur nr. 4/2021
Fundarritari: Guðmundur Örn Sverrisson	
Mættir: Marta Magnúsdóttir (MM) skátahöfðingi Björk Norðdahl (BN) Jón Halldór Jónasson (JHJ) Harpa Ósk Valgeirsdóttir (HÓV) Þórhallur Helgason (ÞH) Kristinn Ólafsson (KÓ) framkvæmdastjóri BÍS Guðmundur Örn Sverrisson (GS) fjármála- og verkefnastjóri BÍS	Fundarstaður: Hraunbær 123  Dagsetning: 19. mars 2021 kl. 17:30-21:30
Fjarverandi: Sævar Skaptason (SS) gjaldkeri	
Gestir: Javier Paniagua, Jón Þór Gunnarsson (fjarfundur)	

### Dagskrá:

Nr.	Fundarefni	Ábyrgð
1	<b>Setning 17:45</b>	MM
2	<b>Dagskrá fundarins</b>	
	<b>1. Smiðja</b> Javier Paniagua stýrir smiðju fyrir stjórn þar sem m.a. ef unnið með stefnu BÍS, teymisvinnu og skipulag funda.	JP
	<b>2. Skátaping</b> Rætt er um framkvæmd þingsins. Notast verður við fjarfundabúnað Teams og kosningakerfið Valmund. Dagskrárliðir verða einskorðaðir við lögbundna liði. Uppfæra þarf starfsáætlun – verkefni úthlutað skátahöfðingja. Stjórn fundar með Jóni Þór Gunnarssyni varðandi fundarstjórn og praktísk atriði er varða Skátaping 2022. Jón Þór tekur að sér hlutverk fundarstjóra.	MM
	<b>3. Viðburðir framundan</b> Ýmsir viðburðir eru framundan í skátastarfi eftir lögð í heimsfaraldri. Í sjónmáli er Skátasumarið, foringjapjálfun á Úlfjótsvatni, Drekaskátamót, Drekaskátadagurinn, Kveikja, smiðjur með stjórnnum skátafélaga og „Rútuferðin“ er á hugmyndastigi.	MM
	<b>4. Tölfræði</b> Óskað er eftir tölfræðiupplýsingum úr skátastarfi. Upplýsingarnar liggja fyrir og verða sendar stjórn von bráðar. Verkefni úthlutað framkvæmdastjóra.	JHJ
	<b>5. Starfsmannamál</b> Framkvæmdastjóri fer yfir væntanlegar breytingar á starfsmannamálum BÍS.	KÓ
	<b>6. Hvað er skátastarf?</b> Verkefnið „Hvað er skátastarf?“ er kynnt. Verkefnið er í móttun og er ætlað að uppfylla þörf á að skýra helstu atriði sem móta skátastarf, s.s. eftir aldursbilum, hlutverkum og verkefnum. Stefnt er á að afurðin verði plaköt eða einfaldir bæklingar sem svari þessum spurningum. Tillaga er lögð fram um að ræða við SSR um vinnuframlag til verkefnisins. Tillagan er samþykkt.	HÓV

	<p><b>7. Verkaskipting</b> Rætt um forgangsröðun verkefna, vinnulag og skiptingu verkefna milli sjálfboðaliða og starfsmanna.</p> <p><b>8. Mótahald</b> Rætt er um landsmót og mótahald á næstu árum. Skátasumarið 2021 er á dagskrá nú í ár. Aldursbilamót er á dagskrá 2022 og WSJ 2023. Landsmót er á dagskrá 2024 skv. samþykktri starfsáætlun stjórnar.</p> <p><b>9. Stebbi</b> Farið yfir uppsetningu salarins í skátamiðstöðinni sem „Stefnusalar“.</p> <p><b>10. Önnur mál</b> Vinnuhópur um fjölgun foringja óskar eftir 20 mínútna áheyrn stjórnar. Beiðnin er samþykkt og stefnt er á að bjóða hópinn velkominn á 6. fund stjórnar 2021.</p>	<p>MM</p> <p>MM</p> <p>MM</p> <p>MM</p>
--	---	---

Fundi slitið 22:03